



Olíuverð Þróun og áhrifabættir


Sjávarútvegsráðstefnan, 25. nóvember 2016

Hallveig Ólafsdóttir, hagfræðingur SFS

Þróun á heimsmarkaði – Olíuverð hefur lækkað



Brent crude
2007-2016 (nóv)



Olíuverð hefur lækkað verulega á heimsmarkaði.


- 70% á stuttum tíma

1:Lækkun á heimsmarkaði
≠
1:Lækkun til neytenda

Verð til neytanda hefur lækkað um 25-35%:

- Opinbergjöld: VSK, Bensíngjald, kolefnisgjald o.fl.
- Styrking krónu

Þróun á heimsmarkaði - Spá




Spár gera ráð fyrir að olíuverð fari upp í \$55 í lok árs.

Spár gera ekki ráð fyrir miklum hækkunum.

Þróun á heimsmarkaði – Heimsmarkaðsverð hátt




Brent crude
2007-2016 (nóv)



- Febrúar 2011 – ágúst 2014 var tunnan > \$100
- Samtals 24 mánuðir (tvö ár!)

Þróun á heimsmarkaði – Ástæður



1. Aukin framleiðsla í BNA:

Frá byrjun árs 2012 hafa BNA aukið framleiðslu sína um 40-50%.

2. Bandaríkjadollari

Sterkur USA dollar þrýstir vöruverði niður

3. OPEC ná ekki saman eða ná saman?

2014 tóku þeir ákvörðun um að draga ekki úr framleiðslu. Ætla að draga úr framleiðslu. Munu þeir ná saman?

4. Aðrir þættir

- Samdráttur í Kína og Evrópu
- Íran komin í leikinn
- Markaðurinn finnur lausnir, of hátt olíuverð kallar á nýja orkugjafa, eða orkusparnað


Parísarsamkomulagið



- Þjóðir heims hafa undirritað samkomulag í París um að halda aftur að hlýnun jarðar af mannavöldum.
- Ísland hefur skuldbundið sig til þátttöku í sameiginlegu markmiði með ríkjum Evrópusambandsins og Noregi um 40% minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda til 2030, miðað við 1990.
- Atvinnulífið og stjórnvöld þurfa að vinna saman til þess að markmiðið náist.



1990-2030 - Olíunotkun og spá um notkun
-Notkun innlendra fiskiskipa




Sjávarútvegurinn er kominn vel á veg!

- 1990-2013 olíunotkun -27 %
- Spá: 1990 - 2030 markmiðið um -40% mun nást.



1990-2030* - Olíunotkun og spá um notkun
-Notkun innlendra fiskiskipa



Sjávarútvegurinn er kominn vel á veg!

- 1990-2013 olíunotkun -27 %
- Spá: 1990 - 2030

Ástæður:

- Auðveldara að sækja fiskinn: Meiri afli á hverja sóknareiningu, vegna bætts skipulag við stjórn fiskveiða. Samvinna stjórnvalda og fyrirtækja.
- Tækniframfarir í skipum og veiðafærum



Verð á olíu til skipa um 60% hærra hér en ytra

EFNI

Viðtöl

3/5 Bruce Galloway og Pétur Reimarsson

Greinar

7 Friðrik Hansen Guðmundsson

HAGKVÆM

KVÓTAVIÐSKIPTI

Sími 614321 · Bréfsími 614323

Munurinn um 1,5 milljarður króna miðað við ársnotkun

VERÐ á gasolíu til fiskiskipa í erlendum höfnum hefur lækkað í kjölfarið, en hér heima hefur engin breyting orðið á gasolíuverði í fjóra mánuði að sögn Sveins Hjartarsonar, hagfræðings LIÚ. Verð á gasolíu til fiskiskipa er nú 16,38 krónur á lítrann hér, tæpar 10 krónur í Bretlandi og rétt rúmar 10 í Þýskalandi. Verðið hér er því um 60% hærra en ytra. Inn í verðinu hér er tæp ein króna til flutningajöfnunar og kostar það álag útgerðina um 250 milljónir á ári fyrir gasolíu og svartolíu.

Sveinn Hjörtur segir að verð á gasolíu í Bretlandi sé nú um 9,47 krónur og 10,37 í Þýskalandi, en verðið ytra sé breytilegt í samræmi við heimsmarkaðsverð. Árleg gasölunotkun fiskiskipaflotans er um 210 milljónir lítra og miðað við verðið hér heima nú, er árlegur olíukostnaður því rúmlega 3,4 milljarðar króna. Fengist oflan á sama verði og í Bretlandi, yrðu árleg útgjöld um 2 milljarðar og litlu meira yrði hún keypt í Þýskalandi. Munurinn er því 1,4 til 1,5 milljarðar króna á ári.

Þá má taka dæmi um togara, sem siglir á Bretland eða Þýskaland og tekur um 250.000 lítra af olíu í leiðinni. Hér heima myndi hann greiða um 4 milljónir-króna fyrir það magn, 2,4 í Bretlandi og 2,6 í Þýskalandi. Sveinn Hjörtur bendir á, að þarna sé kominn áhrifaríkur þáttur inn í siglingar skipanna með fiskinn á erlenda markaði.

Lágt olíuverð hljóti að vera hvetjandi til siglinga, þegar allt sé lagt saman. „Það er í raun með ölfkindum hvernig olíufélögin leyfa sér að halda verðinu jafnhátt og raunin er, þrátt fyrir ört lakkandi heimsmarkaðsverð. Fulltrúar þeirra sögðu á sínum tíma að verð myndi hækka og lækka í beinum tengslum við breytingar á verðinu ytra. Við höfum orðið varir við það, að þeir eru fljótir að hækka, en nú er orðin ansi löng bið eftir lakkun,“ segir Sveinn Hjörtur.

Stjórn LIÚ er nú að láta kanna kostnað við uppsetningu fjögurra olíudreifingarstöðva á sínum vegum hér á landi. Niðurstaða þeirra könnunar liggur fyrir innan tíðar, en Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LIÚ, hefur sagt að ekki komi til byggingar nýs dreifikerfis hér á landi, nema það borgi sig augljóslega fyrir útgerðina.

Sveinn Hjörtur Hjartarson,
hagfræðingur LIÚ

Gífuryrðum olíufélaganna vísað á bug

SVEINN Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur hjá Landesambandi íslenskra útvegsmanna, segist standa við þau orð sín að engin breyting hafi orðið á verði á olíu hérlendis síðustu þrjá mánuði. Hann segir að olía til skipa sé á bilinu 3,73 kr. til 5,15 kr. dýrari hver lítri hérlendis en á fimm stöðum erlendis þar sem hann hafi kannað verð í gær. Sveinn Hjörtur kveðst vísa á bug gífuryrðum forstjóra olíufélaganna í sinn garð sem dauðum og ómerkum.

Sveinn Hjörtur segir að í Noregi sé útgerðarmönnum boðin olía um borð í fiskiskip á 6,96 kr. lítrann. Sé siglt með olíu út á rúmsjó og hún seld þar um borð er verðið 9,13 kr. Í Hirtshals í Danmörku fást olía á 7,67 kr. lítrinn, 7,14 kr. lítrinn í Hull í Englandi, 8,15 kr. lítrinn í Bremerhaven í Þýskalandi og í Færeysjum sé opinbera verðið hjá Shell 9,09 kr. lítrinn en Sveinn Hjörtur segir að verðið sé lægra í raun, eða 8,56 kr. lítrinn.

Fjöldi kaupir olíu á listaverði

„Þetta er það verð sem íslenskum fiskiskipum er boðið í dag. Forsvarsmönnum olíufélaganna er vel komið að nálgast hjá mér símanúmer, kanna þetta sjálfir og leita sér að nýjum birgjum óki þeir þess. Olíufélögin hér eru langt í frá að bjóða

sambærilegt verð og er í nálægum löndum. Ég stend við þá fullyrðingu og vitna til þessara verða sem eru gefin út 7. desember sl.“ segir Sveinn Hjörtur.

Hann segir að útsöluverð í fyrrgreindum löndum sé í meira samræmi við verð á Rotterdammarkaði en verð hér á landi. „Varðandi orð Kristins Björnssonar, forstjóra Skeljunga, um að ekkert sé að marka verðskrá fyrirtækisins vil ég segja það að ég miða fyrst og fremst við það verð sem fyrirtækið gefur upp. Fjöldinn allur af mínum umhjóðendum kaupir olíuna á því verði. Ég veit hins vegar að þeir sem staðgreiða olíuna og gera magnsamning fyrir eitt ár fá 3–4% staðgreiðslufélag.“ segir Sveinn Hjörtur.


Hann kveðst ekki kannast við tryggingar af því tagi sem Kristinn nefur að viðskiptavinir fyrirtækisins geti keypt til að verð á olíu til þeirra fylgi betur breytingum á heimsmarkaði.

„Það er ekki heldur verð að bjóða viðskiptavinum heimsmarkaðsverð heldur er örfáum stórum viðskiptavinum boðið að verðið sveiflist í takt við markaðsverð erlendis sem er sama krafa og ég fer fram á fyrir íslenska útvegsmenn,“ segir Sveinn Hjörtur.

Áhrif á rekstur í sjávarútvegi - ógnanir



Samband verðvísitölu sjávarafurða og þróun á heimsmarkaði




Samband er á milli olíuverð og framleiðsluverðs.

Framleiðsluverð eltir olíuverð.

Áhrif á rekstur í sjávarútvegi - ógnanir



Samband verðvísitölu sjávarafurða og þróun á heimsmarkaði



Hækkun/eða lækkun á olíuverði hefur áhrif á verð með 3 til 4 mánaða töf.

Áhrifin fyrst og fremst tvíþætt:

1. Flutningskostnaður
2. Aðföng

Áhrif á rekstur í sjávarútvegi – tækifæri og ógnanir



Olíuverðslækkun

Tækifæri

Stór gjaldaliður lækkar

Lægri verðbólga, aðföng lækka

Mögulega meirirkaupmáttur í viðskiptalöndum

Ógnanir

Framleiðsluverð eltir olíuverði

Ólga í heiminum


Kaupmáttur olíuþjóða, Nígería



Áhrif á rekstur í sjávarútvegi – tækifæri og ógnanir



Framlegð í íslenskum sjávarútvegi



Gengisstyrking

2014 - 2016 11% , GBP 27%



Launavísitala

• 2014 - 2016 18,5%



Olíuverð

• 2014 - 2016 25% -35%



Engin loðna 2017!?

Markaðir í hættu/ tapaðir!?

- Nígería (hættu), Tyrkland (hættu), Rússland (tapaður!), Brexit (hættu?)

Heimild: Deloitte, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, áætlun SFS*

2. Áhrif á rekstur í sjávarútvegi – tækifæri og ógnanir

